

## Fundargerð

<b>Fundarefni:</b>	Stjórnarfundur foreldrafélags Álfhólsskóla
<b>Dags.:</b>	10. september 2013
<b>Fundarmenn:</b>	Guðni Björnsson, Hörður Sigurðsson, Karl Einarsson, Sigurður Grétarsson, Íris Leósdóttir, Hólmfríður Einaradóttir og Berglind Svavarsdóttir
<b>Fjarverandi:</b>	Lárus Axel Sigurjónsson
<b>Ritað af:</b>	Berglind Svavarsdóttir

### 1. Fundur settur.

Guðni setti fundinn kl. 19.30

### 2. Fundargerð.

Fundargerð síðasta fundar borin undir fundinn og samþykkt.

### 3. Námsefniskynningar skólans

Námsefniskynningar hafa verið haldnar í hverjum árgangi undanfarna viku með örlítið breyttu sniði en skólastjóri kynnti framtíðarsýn skólans og aðstoðarskólastjóri, sálfræðingur og hjúkrunarfræðingur voru einnig með erindi. Foreldrafélagið hefur verið með kynningu á þessum fundum og eru fundarmenn ánægðir með hvernig til hefur tekist. Ákveðið er að framvegis verði kynningarnar á foreldrarfélaginu í ákveðnara formi og sérmiðaðar við hvert skólastig.

### 4. Foreldraröltið

Skipulagi foreldraröltisins hefur verið breytt þannig að framvegis mun ritari skólans senda út rölt dagskrá og áminningu til viðkomandi bekkjarfulltrúa sem sér um að boða foreldra á röltið. Að sögn formanns eru tilmæli frá Samkóp að taka röltið mun fastari tökum og mikilvægi foreldraröltisins áréttað. Upplýst er að það hafi borið við að ekkert foreldri hafi mætt á rölt og slíkt er að sjálfsgöðu óviðunandi.

### 5. Styrktarumsóknir til FFÁ

Umræður urðu um form styrkumsókna og ákveðið að nauðsynlegt sé að fá slíkar umsóknir á skriflegu formi þó engin sérstök umsóknareyðublöð séu til staðar.

### 6. Bekkjarfulltrúar

Vonir standa til að við lok námsefniskynninganna verði búið að kjósa alla bekkjarfulltrúa en samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum hefur sú kosning gengið misvel, jafnvel hefur borið við að fulltrúarnir hafi verið valdir með handafli. Rætt um hvað þurfi að gera til að virkja foreldra enn betur og sérstaklega þarf að hvetja erlenda foreldra til þátttöku í foreldrasamfélaginu. Upp kom hugmynd að standa fyrir fjölpjódlegu menningarkvöldi (helgi).

## **7. Fulltrúaráðsfundur 17. september**

Fulltrúaráðsfundur með bekkjarfulltrúum verður haldinn 17. september n.k. Fyrirkomulag fundarins verður með hefðbundnum hætti; kynning á hlutverki bekkjarfulltrúa, farið yfir foreldrasáttmála og umræðuhópar skipaðir. Formaður mun boða bekkjarfulltrúa á fundinn.

## **8. Önnur mál.**

- Öryggismál á skólalóð. Búið er að laga girðinguna umhverfis skólann en ýmislegu er enn ábótavant hvað varðar öryggi nemenda skólans á lóðinni, svo sem hálkuvarnir og lýsing, og umhverfis skólann, sbr.svokallað „ draugahús“ Fulltrúa félagsins í skólaráði falið að ræða um stöðu á lóðamálum, hönnun og skipulag meðal annars með tilliti til eineltis.
- Undirmönnun í dægradvöl. Ljóst er að staðan er mjög slæm, mannekjan er gríðarleg og það vantar almenna stefnumörkun um starf og skipulag dægradvalar. Skólaráðsfulltrúa falið að bera þetta mál upp á skólaráðsfundi.
- Þórsmerkurferð 10. bekkinga. Formaður skýrir frá fyrirhugaðri Þórsmerkurferð sem verður farin eftir samræmdu prófin eða þann 27. september
- Næsti fundur ákveðinn 8. október kl. 19.30.

## **9. Fundi slitið**

Guðni sleit fundi kl. 21.20